

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Selfossi, janúar 2018

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Sveitarfélaginu Árborg, sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr.4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskattsins skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

[2]

Tekjur einstaklinga		Lækkun	Tekjur hjóna		Lækkun
Allt að	4.008.531	100%	Allt að	5.310.003	100%
Allt að	4.486.114	75%	Allt að	6.045.614	75%
Allt að	4.961.431	50%	Allt að	6.778.973	50%
Allt að	5.425.439	25%	Allt að	7.514.577	25%

[2. mgr. 2. gr. Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru skv. álagningu skattstjóra ári á undan álagningarári.

Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Samþykkt í bæjarráði desember 2013]

3. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 2.796.116 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2. gr.

Lækkun samkvæmt 3. gr. getur ekki orðið meiri en helmingur fasteignaskatts og fráveitugjalds eins og þau gjöld eru ákveðin eftir lækkun samkvæmt reglum 2. gr. um tekjuviðmið.

4. gr.

[Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með þeim tíma er þeir hefja töku elli – eða örorkulífeyris.]¹

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Reglur þessar voru samþykktar í bjarstjórn Árborgar 18.05.2006.

¹ Breytingar samþykktar í bæjarráði Árborgar 29.12.2006 og í bjarstjórn Árborgar 10. janúar 2007.

² Uppreiknaðar fjárhæðir skv. breytingum á vísitölu janúar 2015.